Sigurgrímur Jónsson

Opið hús - flutt á Stokkseyri 23.9.'76

Góðir sveitungar !

Ég er hér kominn til þess fyrst og fremst að færa þakkir því fólki sem á vegum samtakanna "Opið hús" stóð að ferðalagi okkar gamla fólksins, laugardaginn 11. september síðast liðinn. Vegna þeirra sem hér kunna að vera og ekki voru með í ferð þessari ætla ég að segja ofurlítið frá ferðinni. Lagt var af stað héðan frá Stokkseyri klukkan 9,3o og ekið sem leið liggur um Selfoss að Skálholti. Veðri var svo farið að ekki var bjart yfir eða hlýtt um það leiti sem ferðin hófst og þegar ekið var upp Skeið súldaði ofurlítið úr þokunni. Á Selfossi bættist brennt í bíl-inn og var þá hvert sæti skipað. Hafi ég heyrt rétt síðar um daginn, þá var frá því skírt að 47 manns voru í ferð þessari.

Í Skálholti var gengið beint í kirkju og inn að kórdyrum eða upphækkun þeirri sem altarið stendur á. Að sjálfsögðu tóku karlar ofan höfuðföt sín og allir gengu töfraðir og fullir lotningar fyrir helgi staðarins inn kirkjugólfið og fengu sér sæti í innstu stólum. Svo stóð á að þarna var líkkista á stalli, en jarðarför átti að fara fram síðar um daginn. Eigi að síður hafði leyfi verið veitt fyrir þessari viðdvöl á hinum helga stað, og var þetta í sjálfu sér hógvær áminning forsjónarinnar til okkar margra sem þarna vorum, um það að skammt muni nú vera til sólarlags.

Sem við vorum þarna komin tók að mæla fararstjórinn og sóknarprestur okkar sr. Valgeir Ástráðsson, sagði í örstuttu máli frá staðnum, kirkjunni, hver teiknaði hús-ið og hverjir lögðu byggingunni mest lið, en þar áttu nágrannabjóðir okkar og frændur stóran hlut að. Tvennt var það í ræðu prests sem vakti athygli mína, fyrst það að hann sagði Skálholts hefur ekki enn verið rituð hún er svo samtengd sögu þjóðarinnar að þar verður ekki skilið á milli", eitthvað á þessa leið held ég að orð hans hafi fallið. Hitt annað sem tók hug minn fanginn voru orð þau er hann viðhafði um altaristöfluna, verk Nínu Tryggvadóttur, en unnin í mósaik á staðnum af finnskum listamanni og sýnir okkur í látleysi sínu Krist, eins og höfundur hugsar sér hann koma til móts við okkur mennina "en mynd þessi á ef til vill eftir að bera nafn Skál-holtskirkju víðast um heiminn og hafa myndir af henni þegar birst í tímaritun víða um lönd" sagði prestur.

2 Ekki ætti að þurfa að lýsa Skálholtskirkju fyrir þeim sem hér eru, en þeir sem þar eiga leið um ættu að ganga í norðvesturhorn kirkjunnar og lesa orð sem þar eru

letruð á skjöld festan á vesturgafl: "Enginn getur annan grundvöll lagt en þann sem lagður er, sem er Jesús Kristur."

Úr kirkju var gengið til skólahúss staðarins, en þar er til húsa "Lýðskólinn í Skálholti", sniðinn að einhverju leyti eftir Lýðskólum í Noregi og Danmörku, sá eini hér á landi "veitir engin próf og engin réttindi", er utan skólakerfis landsins, og námið að mestu eftir eigin vali. "Það eina sem krafist er, er að nemendur sinni því námi sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur", sagði skólameistari.

Húsakynni skólans virðast hentug og umgengnin er góð. Fyrirfram var ég ekki aðdáandi manns þess er ég þarna mætti, skólameistarans, og ollu því hvatvísleg orð er hann hafði látið falla í kirkjuritinu 1974, en eftir að hafa heyrt hann greina frá skólastarfi og átt við hann nokkur orðaskipti í einrúmi eftir að aðrir voru gengnir út, vænti ég góðs frá þessum manni ungu fólki til handa. - - -

Úti var sól og sumar og var nú ekið sem leið liggur að Árnesi í Gnúpverjahreppi, Sr. Valgeir tók hljóðnemann og lýsti kennileitum og mannlífi á þessari leið. Ég þekki ekki til uppeldissögu sr. Valgeirs, en það var eins og hann hefði smalað kvíaám á hverjum bæ alla þessa leið. Félagsheimili Gnúpverja þekkja væntanlega allir, og í Árnesi beið okkar ágætur hádegisverður. Við þennan stað eru bundnar miklar vonir EystriHreppsmanna sem viðkomustaðar ferðafólks og félagslega miðstöð fyrir sveitina og héraðið allt. Búið er að byggja þarna 2 íbúðarhús, býr sóknarprestur í öðru, en skólastjóri í hinu. Gæti þetta bent til annars meira síðar.

Þjórsárdalur fyrir innan Haga, er alfriðaður fyrir sauðfé og er svo búið að vera innan við Sandá í ein 40 ár en þar um kring. Furðu lítill árangur sést af þeirri friðun. Þegar yfir Fossá kemur tekur við umráðasvæði Landsvirkjunar og ber þar allt vott snyrtimennsku. Sáð hefur verið í vikurdyngjurnar og borið á tilbúinn áburður. En Hekla er í nágrenninu.

Ekið var að Sögualdarbænum sem þarna er verið að reisa. Mikið mannvirki, sem væntanlega verður tekið við á næsta ári. Ég legg ekki í það að lýsa húsum þessum, til þess var athugunin of lausleg. En ekki stæðu útveggir þessir lengi hér niður í Flóa, lóðréttir, eða því sem næst. En úrkoma er víst mun minni þar efra en hér niðurfrá. Þennan stað þarf fólk að skoða. Í Búrfellsvirkjun fengum við að koma inn á einskonar svalir og sá þar yfir aðalvélasal. Einskonar segulband var sett í gang og sýndi á vegg leið vatnsins o.fl., samhliða heyrðist mannsrödd sem greindi frá því sem þarna gerist. En þetta fór að mestu framhjá mér.

Nú var ekið suðaustur fyrir múlann, sem virkjunin er undir og inn á svæði það sem mest var braggahverfið meðan framkvæmdir stóðu yfir, en nú eru þarna fáein hús, allt snyrt og til fyrirmyndar. Í matsal sem þarna er fengum við miðdagskaffi, mjög ríkulega útilátið. Verður nú að fara fljótt yfir sögu. Ekið var inn á Hólaskóg og farið þar yfir Þjórsá á nýlegri brú, sem gerð mun hafa verið vegna Sigölduvirkjunar, en akfært er nú orðið langt inn í afrétt, vestan ár, vegna rannsókna á framhaldsvirkjunum Þjórsár, en þar er sagt að betur megi gera en orðið er.

Nú dró fyrir sól og þokuloft réð ríkjum það sem eftir var dags. Austan Þjórsár, gegnt Búrfelli eru stórir flákar, nýsánir og hvanngrænir, öskusvæði frá síðasta Heklugosi. Þegar neðar kemur taka við berir hraunflákar, blásið land. Á einum stað var lítil torfa, einskonar minnismerki um horfna tíð. Grastorfa þessi er líklega um 2 m. á þykkt og sýnir hver jarðvegur var hér áður. Þetta minnti mig á að sem ungur maður og nokkuð frameftir árum horfði ég á það dag eftir dag, jafnt sumar og vetur, að þegar norðaustanátt var og nokkur vindur, þá sá ekki til Austurfjalla fyrr en undir sólarlag að vind lægði og toppurinn á Heklu sást fyrstur uppúr morbakkanum. Þegar norðanrok gerði á vertíð, hvarf fiskur af miðum hér fyrir utan - hann felldi sig ekki við að fá moldina og öskuna í öndunarfæri sín.

Í Skarði á Landi var stansað. Guðni bóndi var við heyskap ekki nærri bæ. Ég fór að skoða fjósið, en aðrir fengu húsfreyju með sér út í kirkju og tapaði ég af því sem þar fór fram. En á eftir var fólki safnað saman fyrir kirkjudyrum og allt myndað í bak og fyrir. Segir nú ekki meir af ferð þessari, en heim var komið kl. 20.

- Ég hef orðið nokkuð þargorður og kannski leiðinlegur í þessu sambandi, en þótti skylt að geta ferðarinnar að nokkru, og endurtek mitt hjartans þakklæti til þess ágæta fólks sem fylgdi okkur gg aðstoðaði, og þá jafnframt þeim sem báru kostnaðinn af ferðinni.

Ég er þakklátur þeim sem hvöttu mig til fararinnar og jafnframt sjálfum mér fyrir að hafa látið tilleiðast.

- - - - - - - -

Ég mun hafa lofað að tala um sveitina okkar, en nú verður að fara fljótt yfir sögu. Bót er í máli að margir munu þekkja bækur Guðna Jónssonar, prófessors, Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi, rit sem hann varði til doktorsnafnbótar og út kom 1952, svo og Stokkseyringasaga í tveimur bindum, sem út kom 1960 og 1961. Þess er þá fyrst að geta að sveit okkar liggur á suðurjaðri Þjórsárhrauns, sem einnig er nefnt Flóahraun. Þegar landið tók að lyftast er af því leysti hið geysilega farg hins 5-6 hundruð metra þykka ísaldarjökuls hófst mikið hraungos í sprungubelti, sem liggur yfir Túnú hjá Hófsvaði. Jarðfræðingar telja erfitt að ákveða staðinn með vissu, en orða þetta svona. Hvað um Þórisvatn? Gæti það ekki verið gígur? og þótt líklegt þykir mér að engin bein ummerki sjái "hins mesta hraunflóðs, sem menn þekkja í víðri veröld, og hefir allt komið upp í einu gosi" eins og prófessor Guðni Jónsson kemst að orði í Stokkseyringasaga I, bls. 13, neðarlega. Hraunið steyptist niður af hálendinu um farveg Þjórsár og breiddi úr sér um Landsveit, hluta af Gnúpverjahreppi, mestöll Skeið og breiddi síðast úr sér um allan Flóa eins og við þekkjum hann í dag, að undanskildum Villingaholtshreppi nema að litlu leyti og um 1½ km. hér útfyrir brimgarð. Hefur hraunið þá verið búið að renna allt að 200 km. frá upptökum sínum. Hér í fjörunni og á Merkurhrauni sjáum við hvernig hraunið hefur litið út, bugar og lautir sem í fjöru heita lón, en í mýri dælur. Á síðari árum hefur víða verið borað niður úr þessu hrauni og hefur yfirleitt reynst 25-27 m. Fjaran hér framundan eru lón með misdjúpum rásum á milli og í sjálfum skerjagarðinum eða brimgarði eru sund sem nú eru notuð, Hlaupós og Stokkseyrarsund, sem alltaf hefur verið þrautalending. Mönnum hefur smámsaman lærst að velja forustuleiðirnar til sjósóknar, en frameftir öldum virðist sjósókn hafa verið lítil. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 telur að frá Stokkseyri hafi gengið 3-4 skip, en á síðari hluta 19. aldar færist sjósókn mjög í aukana og um síðustu aldamót telur dr. Guðni Jónsson að héðan hafi gengið ekki færri en 50 skip, fjögurramannaför og sexæringar - Stokkseyringasaga I, bls. 180. Líklega hafa bátar þessir lítt eða ekki þurft að sæta sjávarföllum, þeir ristu svo grunnt, en á 1. tug þessarar aldar koma hér vélbátar sem þufftu dýpra vatn, þá smáir væru. Fyrstu dýpkunarframkvæmdir eru gerðar hér 1906 og 1907, þá er hér danskur kafari, en verkinu stjórnaði Jón Sturlaugsson. Sú framkvæmd var vegna millilandasiglinga, og í bágu verslunar á staðnum, en Stokkseyri var löggilt sem verslunarstaður 1884, þó var hér engin verslun fyrr en 1889 að Ívar Sigurðsson opnaði sölubúð með "kaffi, sykur, tóbak og romm". "Hann mun fyrstur manna hafa keypt óslægðan fisk af sjómönnum, verðið

var 9 aurar fyrir stykkið af ýsunni" segir dr. Guðni Jónsson, Stokkseyringasaga II, bls. 23.

Stokkseyrarfélagið, sem öðrum þræði var nefnt Zölnersfélag hóf hér verslun 1891 og er þess getið að 31. maí það ár kemur hér norskt seglskip að nafni "Spes", 70, 92 rúmlestir, hlaðið allskonar vörum. Það skip fór ekki inn á legu, en árið eftir 1892 hinn 11. júní er skipi fyrst lagt við festar á Blöndu. Skipið hét "Tonkea", var 91,½ rúmlest og risti 8 3/4 fet. Telur dr. Guðni Jónsson að verslunarfélag þetta hafi haft hina mestu þýðingu fyrir atvinnulíf staðarins, og árin 1890-1901 fjölgar íbúum sveitarfélagsins um 380 manns. Svo tekur við verslun og stundum samhliða: Ólafur Árnason 1894-1907, Kaupfélagið Ingólfur, Andrés Jónsson, Jón Adolfsson, Sigurður Ingimundarson, Magnús Gunnarsson, Jón Magnússon, Ásgeir Eiríksson, Jósteinn Kristjónsson, Einar Eyjólfsson, Kaupfélag Árnesinga, Atli h.f., Kaupfélagið Höfði og Verkalýðsfélagið Bjarmi.

Í dag eru hér tvær verslanir eins og allir vita og þó mun sú þriðja risin, og nefnist "Vörumarkaður".

Sigling mun hafa verið nokkuð árviss hingað fram að fyrra stríði. Eigandi Stokkseyrar, Grímur Gíslason í Óseyrarnesi lagði keðjur þær í Blöndu sem fyrsta hafskipið lagðist við 1892. - - - -

Ég hverf frá útgerðinni með komu vélbátanna, en flestir urðu þeir 1916 eða 17 talsins, allir undir 13 smálestum, og fækkaði svo niður í 2 um 1920. Sjávardýpi leyfði ekki stærri báta og varla þetta. Var ekki gaman í vaxandi brimi og landsynningi að bíða framundir flóð, því þetta var ekki farandi í ókyrrum sjó nema flotið væri örugglega nógu mikið. Nú ef frá þurfti að snúa, sem fyrir kom, þá var ekki um annað að ræða en Vestmannaeyjar - á 10-13 tonna bátum í vetrarmyrkri og stórsjó. Var því hafist handa um að sprengja burtu höftin milli lónanna og áttu margir góðan hlut þar að. Þið kannist við nöfnin á verstu höftunum sem sprengd voru og hreinsuð burt: Dyrós, Leiðarsker, Skóla, Snepilrás. Þetta var allt orðið nokkurnveginn jafndjúpt um 1950. Þá var ráðist á sjálft Stokkseyrarsund eða Vestursund og 1955 er komin dýpkun út í mitt sund. Menn voru aldrei á einu máli um það hvort velja ætti Hlaupósleiðina eða Sundið. En árangurinn sést á því að nú fara þarna 50 - 60 tonna bátar á svipaðri sjávarhæð og áður fóru 13 tonna bátar. Verkinu var ekki lokið 1955 og er hægt að taka upp þráðinn hvenær sem vill, það er hægt að bæta sundið meir en orðið er, en nú horfa menn meira til Þorlákshafnar og í framhaldi af því bráðargerðar hjá Ós-

eyrarnesi. Tíðarandinn krefst stærri skipa, en ekki veit ég hversu hagkvæmt það er, og er nú að hverfa að öðru efni.

Landbúnaður - moldin og sjórinn eru undirstaða lífsins á jörðinni. Matarframleiðslan. Þegar litið er í fasteignamatið frá 1861 eru í núverandi Stokkseyrarhreppi 50 sérmetnar jarðir og voru allar í ábúð 1910. Þar af er Stokkseyri talin með 20 hjáleigum, allt sjálfstæð býli og sérmetin. Þið þekkið nöfnin. Samt ætla ég að demba þeim yfir ykkur í sömu röð og matið gerir. Kaðlastaðir, Grímsfjós, Ranakot, Hóll, Móhús vestri, Móhús eystri, Dvergasteinar, Starkaðarhús, Roðgúll, Símonarhús, Gata, Gerðar Vestra - Íragerði, Eystra - Íragerði, Hellukot, Kumbaravogur, Rauðárhóll vestri, Rauðárhóll eystri, vestra Stokkseyrarsel, Eystra Stokkseyrarsel. Þetta voru ekki stórbýli en löndin voru að mestu óskipt, engir skurðir eða girðingar, þetta voru bændur til sjós og lands, engir kotungar, margir velstæðir í sinni samtíð. Eitt er það sem hvergi hefur verið sagt frá. Í kreppunni miklu 1930 - '40 komu flestir þurrabúðarmenn hér í Stokkseyri sér upp einhverjum búpeningi. Þá voru miklar lendur ræktaðar. Þetta var þeim kannski ekki tekjulind, heldur búbót. Þá voru 80 kýr í hverfinu. Það verður að takast fram að allt þetta var meðan fiskur fékkst á grunnmiðum. Nú býr Gísli í Sandgerði einn á þessu landi - og aðrir með nokkrar kindur. Aðrar jarðir í sérmati frá 1861, sem nú eru ekki setnar eru: Leiðólfsstaðir, Hæringsstaðahjáleiga, Lölukot, Gljákot, Oddagarðar, Brú, Breiðumýrarholt, Traðarholt, Brattsholtshjáleiga, Borgarholt, Traðarholt, Kotleysa, Grjótlækur, Ranakot efra, Hraunhlaða, Miðkökkur (nú Svanavatn) og Syðra-Sel, tvíbýli á sumum. Búseta er nú á þrettán jörðum, þó ekki öllum meðbúð að heitið geti. Ég er ekki að harma þessa þróun. Fæst eða ekkert þessara býla bæru nútíma búskap. Ég er að tala um sveitina okkar eins og hún var.

Mér eru í minni, vormætur, um sauðburð. Yfir að líta var mýrin hvít af fé. Þó allt væri ógirt þá héít fé frá hverjum bæ nokkurnveginn hópinn. Mýrin var iðandi af fuglasöng. Smástund um lágnættið, hálftíma eða svo, varð steinhljóð. Náttúran svaf. Stelkurinn vaknaði fyrstur og svo kom sólin upp. Hvílík dýrð.

Í Flóahrauninu er mikið neðanjarðar vatnsrennsli og þar sem það mætir fyrirstöðu brýst það upp á yfirborðið og þar verða ófærar keldur og ótræði. Það er leirinn eða mýrarrauðinn í þessu neðanjarðarvatni sem gefur vötnunum hér í kring, svo og Blöndu og Bleikalóni hér á fjörunni þennan mórauða lit. Járnlaust vatn, sem er óhæft til þvotta og leiðinlegt til drykkjar. Það var þetta neðanjarðarvatn sem hratt af stað vegagerð eins og hinum svonefnda Kakkavegi. Keldurnar um og ofan við Kakkabæina voru ill-

ræmar en yfir þær þurfti að koma búfé, og heylestum. Ennfremur mó til eldiviðar, því mór og þang var eini eldiviðurinn.

Samkvæmt Stokkseyringasögu dr. Guðna Jónssonar I, bls. 14, voru framteljendur búfjár árið 1920 85 og áttu þeir 214 nautgripi, 2334 kindur og 417 hross. Tuttugu árum síðar eru framteljendur 95, nautgripir 439, sauðfé 1567 og 381 hross. Núna eru 44 framteljendur, 1510 fjár, 361 nautgripir og 252 hross. Um fólksfjölda í hreppnum ber að hafa í huga að fram til 1888 eru í gildi lög í þessu landi sem banna jarðnæðislausu fólki sjálfstæða búsetu þó eitthvað hafi verið farið kring um þetta ákvæði. 1850 eru 311 íbúðar hér. 1880 500, en 1901 943 og urðu það flestir. 1910 897, 1930 678 og 1950 538. Við síðasta manntal fyllti það vel 600, en fór niðurfyrir 500 fyrir nokkrum árum.

Eitt er það fyrirbæri í íslenskri jarðfræði sem mönnum hefur gengið erfiðlega að átta sig á, en það eru móbergshellarnir á Suðurlandi. Í nokkuðjafnri línu frá Ægissíðu og hér vestur í Stokkseyrarhrepp liggur móbergsbelti, sem að vísu er slitið sundur með mýrarsundum. Á þessu belti eru misháir hólar - 2-3 m. yfir umhverfinu - og standa víða kálbæir á þessum hólum. Ofan á móberginu er moldarlag um 80 cm. og eru þar bestu túnin okkar. Þetta eru gosefni, aska, með eitilhörðum svörtum sandkornum og sumstaðar gatur leir þegar neðar kemur. Þetta er sennilega framburður á stóru jökulhlaupi og þá eldra en Flóahraunið, því víða koma gervigígar - hraun, sem hefur þrýst sér innundir sandbynginn, sem þá hefur ekki verið fullharðnaður. Þegar grafið er í þessa brunahóla, sést að jaðar þeirra skagar innundir móbergið. Í þessum hólum eru hellar þó nokkuð víða, og misstórir. Þar af eru 4 í okkar sveit. Suðvestur af Brattsholtsvatni er hóll mikill um sig og ber heitið Skollhóll. Í þessum hól eru tveir hellar. Veit op annars til vesturs og er hann miklum mun stærri en hinn og er hann ekki manngengur. Taldi gamalt fólk að þarna hefði sauðfé leitað sér skjóls í gegnum aldirnar og væri sauðatað í gólfinu. Ég skreið einhverntíma þarna inn og nálægt miðju er kringlótt op, sjáanlega mannaverk. Gæti verið til að fá birtu og líka loftræsting vegna fjárins, sem þarna leitaði inn blautt og fannbarið. Hinn hellirinn opnast til austurs og hreinsuðu Traðarholtsbræður, Ólafur og Jón, hann út og notuðu sem fjárhús um tíma.

Á Þóftum eru tveir hellar og voru notaðir sem fjárhús. Tók sá stærri 25-30 kindur. Í hanneer niðurgengt á að giska 3 m. undir yfirborð. Þarna fóðraðist fé vel. Í Gaulverjabæjarhreppi eru margir hellar. Arnarhóli (rúmaði 300 hesta af heyi), Haugi, Hólshúsum og Efra-Gegnishólum. Í Kolsholti í Villingaholtshreppi er stór og djúpur

ellir, í Miklholtshelli í Hraungerðishreppi, Vetleifsholtshverfi, Rangárvallasýslu og víðar. Austasti hellir sem ég veit um er á Ægissíðu. Mun hann vera þeirra stærstur og þekktastur. Var heilmikið um hann ritað snemma á þessari öld, og héldu ýmsir því fram að á þessu væru mannaverk og hefðu frumbyggir landsins, og þá helst Papar, gert sér þarna ból eða húsnæði. Vel má það vera, en með ólíkindum er að hvergi hefur fundist uppgröftur sá, sem út hefði átt að vera barinn.

Þá vil ég vekja athygli á því að fram hefur komið sú kenning að ladd hafi sigið hér um slóðir, eða allt svæðið milli Ölfusár og Þjórsár, Tilvitnanir sem ég nú vík að eru frá dr. Guðna Jónssyni, Stokkseyringasaga I, bls. 14 og 15. Það var Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi, sem fyrstur vakti máls á þessu og ritaði um það í Árbók fornleifafélagsins 1905. Guðmundur Kjartansson, jarðfræðingur, studdi kenninguna, en Trausti prófessor Einarsson, hinsvegar hafnar kenningunni, með grein í Skírni 1946 - Afstaða láðs og lagar á síðustu árþúsundum. En því get ég um þetta, að ég sá um gerð á tveggja holræsa hér í gegnum sjávarbakkann. Annað ræsið út við Arnhólma, hitt austan við Vegamót.

Á báðum þessum stöðum var fetslag, eða svo, af hreinni mold næst klöppinni, en tveir metrar af sandi þar ofan á.

Mér verður á að spyrja, líkt og Brynjúlfur Jónsson gerði: Hvað tók það náttúruna langan tímaaðð mynda þetta moldarlag, og hvernig hafði hún frið til þess, ef landið stóð ekki hærra gagnvart sjó en það nú gerir?

Að lokum þykir mér hlýða að geta þess að á síðustu 30 árum hefur orðið gjörbreyting á Flóanum öllum, og þá einnig á okkar sveit. Þetta máhheita óþekkjanlegt landsvæði, þessu veldur landþurrkun, vegagerð og önnur mannvirkjagerð.